

*Lög um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um umbod Þjóðjarða, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um bæjanöfn, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um sölu á Þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á lögum 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík, við Reykhóla og í Haga-bót í Barðastrandarsýslu, undirskrifuð af konungi s. d.*

**102**      **Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík, um stofnun nýrra pósta-**  
22. okt. **greiðslna.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið að stofna póstafréiðslur á Bildudal, Flatey, Hólmavík, Hvammstanga, Mjóafirði, Norðfirði og Önundarfirði.

Þetta birtist yður hjermeð til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstafréiðslumannssýslanirnar á nefndum stöðum lausar.